

**Nd.**

**§31. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um stimpilgjald.

Frá minni hlutanum.

Nefnd sú er háttv. neðri deild Alþingis kaus til þess að ihuga framan- greint frumvarp hefur ekki getað orðið sammála.

Eftir því sem okkur hefur getað skilist af umræðum í nefndinni, lítur meiri hluti hennar svo á, að frumvarp þetta hafi ekki, enn sem komið er, fengið nægilega góðan undirbúning. Og fyrir því má ætla að meiri hlutinn hafi komist að þeirri niðurstöðu annaðhvort að svæfa málið enn af nýju á þessu þingi eða þá, ef það skyldi koma fram úr nefndinni, að því verði vísað til stjórnarinnar til frekari athugunar og undirbúnings.

Við, sem skipum minni hlutann, litum aftur á móti svo á, að undir- búningur þessa máls sje svo góður að vel megi við una. Frá frumvarpinu, eins og það liggur fyrir, er að öllu leyti gengið af millipinganevnd þeirri í skattamálum, er skipað var árið 1907, og þar sem málið hefur þannig verið athugað og frá því gengið af jafn skýrum mönnum og þeim, sem sæti áttu í millipinganevndinni 1907, og talið af þeim þess vert að verða að lögum, þá litum við svo á að yfirsýnsástæður meiri hlutans um ónógan og ófullkominn undirbúning verði ekki með nokkru móti teknar gildar, enda engar líkur til, að miklu rækilegri athugun en þegar hefur verið gerð á máli þessu, sje unt að fá, nema með því eina móti að skipa aftur millipinganevnd í málið, þar sem sæti ættu nýir menn, er tæki að skýrleika fram þeim mönnum, er sæti áttu í millipinganevndinni 1907. En á slíkum mönnum þykjumst við, að okkar leyti, ekki geta fest auga; auk þess sem vjer teljum slíkt með öllu óþarft og ekki svara kostnaði að skipa slíka nýja millipinganevnd, til þess að ihuga þetta mál, þótt færari mönnum væri á að skipa en þeim, er sæti áttu í milli- pinganevndinni 1907.

Hins vegar litum við svo á, að þótt einhverjir ófyrirsjáanlegir smá- agnúar kynnu að koma í ljós við framkvæmd slíkra laga, sem hjer um rædir, þá sje leiðin hjer, sem hvervetna annarstaðar þar sem ný braut er troðin, sú að láta reynsluna kenna sjer, og leiðrjetta smátt og smátt það, sem hún bendir að betur mætti fara.

Með þetta fyrir augum, sem og hina brýnu þörf landssjóðs fyrir auknar tekjur, er allir virðast sammála um, leyfum við okkur að leggja það til við háttv. deild að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, er við flytj- um á sjerstöku þingskjali.

Alþingi 8. september 1915.

Eggert Pálsson  
form.

Bjarni Jónsson  
frá Vogu.